

Vegagerðin  
hr. Erlingur Jensson  
Breiðumýri 2  
800 SELFOSS

Reykjavík, 1. febrúar 2012  
Tilvísun: 2011120015/22.0  
Verknúmer: 1083000

**Efni: Leyfi skv. vatnalögum nr. 15/1923 til breytinga á Svaðbælisá ásamt tilheyrandi varnargörðum**

Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar dags. 21. desember 2011, þar sem óskað er eftir leyfi Orkustofnunar fyrir breytingum á vatnsfarvegi Svaðbælisár í Rangárþingi eystra, sem nánar er lýst í bréfi Vegagerðarinnar, með tilvísun til ákvæða í 75. gr. vatnalaga nr. 15/1923 m.s.br. Einnig er vísað til fundar Kristins Einarssonar og Skúla Thoroddsen frá Orkustofnun með Jóni Helgasyni og Stefáni Erlendssyni hjá Vegagerðinni 16. janúar sl., þar sem farið var yfir nýlegar breytingar á vatnalögum og áhrif þeirra á starfsemi Vegagerðarinnar, og til tölvupósts Erlings F. Jenssonar hjá Vegagerðinni dags. 27. janúar sl. með bréfi landeiganda í viðhengi.

Rétt er að taka fram að Orkustofnun lítur svo á að umsóknin nái bæði til breytinga á sjálfum vatnsfarveginum og til þeirra mannvirkja (varnargarða með eða án vega) sem sem nauðsynleg eru til að verja landið í kring, sbr. það dæmigerða þversnið sem sýnt er í bréfi Vegagerðarinnar, en þar sést að gert er ráð fyrir varnargörðum sem hluta af framkvæmdinni.

Orkustofnun hefur kynnt sér forsendur fyrirhugaðra breytinga á vatnsfarvegi Svaðbælisár í Rangárþingi og möguleg áhrif þeirra á umferð eða spjöll á eign annars manns ásamt mögulegri röskun á vatni, gæðum þess, vatnslegi, lífríki, vistkerfum eða landslagi, eftir því sem tilefnið gaf ástæðu til. Það léttir þó ekki þeirri skyldu af herðum framkvæmdaraðila að þessara atriða sé gætt af hans hálfu og að farið sé að fyrirmælum annarra laga er kunna að gilda um framkvæmdina. Einnig hefur stofnunin skoðað möguleg áhrif breytinganna á orkuauðlindir og grunnvatn. Það er mat Orkustofnunar að Vegagerðin hafi sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að fyrirhugaðar breytingar á vatnsfarvegi Svaðbælisár séu hagkvæmasta lausnin á þeim vandræðum vegna aukins framburðar gosefna sem skapast hafa í kjölfar eldgoss í Eyjafjallajökli árið 2010.

Með þessu bréfi leyfir Orkustofnun fyrir sitt leytí breytingar þær við Svaðbælisá ásamt tilheyrandi varnargörðum sem sótt er um í bréfi Vegagerðarinnar dags. 21. desember 2011, með tilvísun til 75. gr. vatnalaga nr. 15/1923 m.s.br. Upplýsingar um framkvæmdina verða birtar almenningi á vef Orkustofnunar og skal Vegagerðin skila viðeigandi tölvutækum upplýsingum úr landfræðilegu upplýsingakerfi í því sambandi.

Virðingarfyllst,



Kristinn Einarsson



Harpa Þórunn Pétursdóttir